



Stjórn SSH 413. fundur

Föstudaginn 6. mars 2015, kl. 10:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Haraldur L. Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Ármann Kr. Ólafsson.

Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

- a) Drög að samstarfssamningi milli SSH og Vegagerðarinnar v. sameiginlegar úrvinnslu á þáttum sem lúta að verkefnum sem tilgreind eru í fylgiskjali VI með fyrirliggjandi svæðisskipulagstillögu.

Upplýst var að gerðar hafa verið breytingar á fylgiskjali með samningsdrögunum í samræmi við umræður á stjórnarfundum 2. mars sl.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að gengið verði endanlega frá samningnum í samræmi við framkomnar upplýsingar og heimilar stjórnarformanni að undirrita.

- b) Ármann Kr. Ólafsson vakti máls á skilgreiningu á byggðamörkum í svæðisskipulagstillögunni, þ.e. þeim hluta hennar sem liggur í landi Vatnsenda, og upplýsti að Kópavogsbær muni taka undir framkomna athugasemd landeiganda við núverandi legu línunnar á þessum stað.

Umræður

Niðurstaða:

Málið var rætt hér til kynningar, en frekari umfjöllun og afgreiðsla verður á vettvangi svæðisskipulagsnefndar.

2. Ársreikningur SSH 2014

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi gögn:

- a) Endurskoðaður ársreikningur SSH fyrir árið 2014
- b) Greinargerð og áritun endurskoðanda og kjörinna skoðunarmanna vegna ársreikningsins

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti og áritaði ársreikning SSH fyrir árið 2014

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 10:45